

15. nóvember 2024



VIÐAUKI VIÐ UMBOÐSSAMNING

VEGNA SKULDABRÉFAFLOKKSINS AL280629

Í tengslum við hækkun á 30.000.000.000 kr. útgáfuramma

Ölmu íbúðafélags hf.

VIÐAUKI ÞESSI er gerður þann 15. nóvember 2024 („samkomulag“) á milli:

- (1) Ölmú íbúðafélags hf., kt. 611013-0350, Sundagörðum 8, 104 Reykjavík, áður Almenna leigufélagið ehf. („Alma“ eða „útgefandi“);
- (2) Íslög ehf., kt. 690312-1150, Túngötu 6, 101 Reykjavík („umboðsmaður kröfuhafa“); og
- (3) Aðila sem skráðir eru eigendur verðbréfa sem gefin eru út á grundvelli útgáfurammans, í samræmi við lög nr. 7/2020 um verðbréfamistöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerna („kröfuhafar“).

BAKGRUNNUR:

- (A) Hinn 28. júní 2022 gerðu aðilar með sér umboðssamning í tengslum við útgáfu skuldaskjala á grundvelli útgáfuramma að fjárhæð allt að kr. 30.000.000.000, í samræmi við grunnlýsinguna (hér eftir „umboðssamningurinn“).
- (B) Viðauki þessi við umboðssamninginn er gerður í tengslum við hækkun á heildarfjárhæð útgáfurammans úr kr. 30.000.000.000 í kr. 50.000.000.000, í samræmi við grunnlýsingu útgefanda dagsett þann 22. nóvember 2023. Að beiðni útgefanda og með vísan til gr. 10.9 í veðhafasamkomulaginu hafa verið gerðar breytingar á veðhafasamkomulaginu og tryggingarbréfum til samræmis og eru jafnframt með viðauka þessum gerðar eftirfarandi breytingar á umboðssamningnum.

SAMÞYKKTAR BREYTINGAR:

1 SKILGREININGAR OG TÚLKUN

- 1.1 Hugtök sem skilgreind eru í umboðssamningnum skulu hafa sömu merkingu og þeim er gefin þar þegar þau eru notuð í viðauka þessum, nema annað sé beinlínis tekið fram.

2 BREYTING Á UMBOÐSSAMNINGNUM

- 2.1 Á forsíðu umboðssamningsins skal breyta fjárhæðum þar sem vísað er til útgáfurammans þannig að framvegis standi þar „50.000.000.000“ í stað „30.000.000.000“.
- 2.2 Grein 2.1 í umboðssamningnum skal breytt þannig að framvegis standi þar „50.000.000.000 (krónur fimmtíu milljarðar)“ í stað „30.000.000.000 (krónur þrjátíu milljarðar)“.
- 2.3 Skilgreining á hugtakinu *Útgáfuramminn* í 3. kafla veðhafasamkomulagsins skal breytt þannig að framvegis standi „50.000.000.000 kr.“ í stað „30.000.000.000.kr.“.

3 ANNAÐ

- 3.1 Að öðru leyti en að framan greinir halda ákvæði umboðssamningsins fullu gildi sínu óbreytt.
- 3.2 Öllu framangreindu til staðfestingar er skjal þetta undirritað af þeim sem hafa heimild til þess að skuldbinda aðila.

(Síðasta blaðsíða fyrir undirritunarsíðu)

VIÐAUKI ÞESSI tekur gildi á þeim degi sem tilgreindur er í upphafi þess.

F.H. ÚTGEFANDA

ÖLMU ÍBÚÐAFÉLAGS HF.

Undirskrift: 

Nafn: INGÓLFUR ÁRNI GUNNARSSON

Staða: FRAMKVEMDASTJÓRI

UMBOÐSMAÐUR KRÖFUHAFA

ÍSLÖG EHF.

Undirskrift: 

Nafn: ASGEIR ASMUNDSSON

Staða: Stjóri

(Undirritunarsíða vegna viðauka við umboðssamnings)

